Þjálfun starfsmanna - Jafnlaunakerfi



Ábyrgð og framkvæmd

1. Allir þeir starfsmenn Matvælastofnunar sem hafa mannaforráð (forstjóri, sviðsstjórar og héraðsdýralæknar) auk fjármálastjóra og jafnréttisfulltrúa skulu fá þjálfun í jafnlaunakerfi stofnunarinnar. Mannauðsstjóri greinir þörf hverju sinni og tryggir framkvæmd þjálfunar. Slík þjálfun verður einnig hluti af nýliðaþjálfun nýrra starfsmanna í ofangreindum störfum, sem og í störfum mannauðs- og gæðastjóra.

2. Mannauðsstjóri tímasetur þjálfun starfsmanns í samráði við hann og þá aðila sem munu sinna þjálfun ef aðrir en mannauðsstjóri. EBL-129 er undirritað af starfsmanni og aðilum sem veita þjálfun að henni lokinni og vistað í möppu starfsmanns á L-drifi.

3. Til þess að tryggja sameiginlegan skilning allra þeirra sem koma að launamyndum hjá stofnuninni skulu þeir þjálfaðir í öllum þáttum sem leiða til launamyndunar hverju sinni sem og í ferlum jafnlaunakerfis, launagreiningu, viðbrögðum við frávikum, innri úttektum og rýni stjórnenda.

4. Þjálfun skal fela í sér kynningu á kjara- og stofnanasamningum og röðun í launaflokka, mat á menntun og starfsreynslu auk annarra þátta sem geta talist réttindi eða umbun (sbr. LBE-168) og öll gögn sem snúa að þessum þáttum í starfinu. Þjálfun skal ná til allra skjala í jafnlaunahandbók gæðakerfis sem og alls efnis sem snýr að launamálum, s.s. Starfsmannahandbók. Lög og reglur er varða launamál og kjör starfsmanna skulu jafnframt kynnt auk jafnlaunastaðals ÍST 85:2012. Nýr aðili í starfi mannauðsstjóra fær jafnframt þjálfun í þeim launakerfum sem notuð eru hverju sinni, s.s. Embla.

5. Að þjálfun lokinni skulu starfsmenn sem hana hljóta aðilar hafa þekkingu á jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og þeim lagalegu kröfum sem liggja að baki og styðja við staðalinn. Þeir skulu þekkja til launaviðmiða, huglægra skekkja, markmiða stofnunarinnar og hafa þekkingu á hlutverki og ábyrgð allra aðila sem koma að launaákvörðunum. Að auki skulu þeir þekkja skjöl jafnlaunahandbókar og geta liðsinnt starfsmönnum sínum hvað launaviðtöl varðar og óskir um endurskoðun launa.

6. Mannauðsstjóri heldur utan um alla þjálfun vegna jafnlaunakerfis og vistun skjala er að því snúa.